

**Ed.**

**8. Frumvarp til laga**

**[8. mál]**

um niðurfærslu vöruverðs og verðbótavísitölu í september 1978.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978).

**1. gr.**

Nú er ákveðin aukin niðurgreiðsla vöruverðs eða lækkun óbeinna skatta á því greiðslutímabili verðbóta, er hófst 1. september 1978, og skal þá Kauplagnesnefnd reikna nýja verðbótavísitölu í samræmi við ákvæði kjarasamninga, er taki gildi þann dag, er aukin niðurgreiðsla eða lækkun óbeinna skatta kemur til framkvæmda, og gildir til loka greiðslutímabilsins. Verðbótavísitala þessi skal miðuð við smá-söluverð á viðkomandi vöru eða vörum í ágústbyrjun 1978 að frádreginni þeirri verðlækkun, er niðurgreiðsluaukningin eða skattalækkunin veldur, og það eins þótt vöruverð hafi hækkað af öðrum ástæðum síðan í ágústbyrjun 1978.

Endanleg reikningsskil fyrirfram greiddra septemberlauna 1978, vegna breyttrar verðbótavísitölu, skulu fara fram um leið og næsta greiðsla mánaðarlauna á sér stað.

Eftir á greidd laun fyrir vinnu fyrstu daga septembermánaðar fram að gildistöku nýrrar verðbótavísitölu í september 1978, sbr. 1. mgr., skulu til bráðabirgða greiðast samkvæmt launakjörum, er giltu í ágúst 1978. Endanlegt uppgjör þessarar eftirá launagreiðslu skal fara fram svo skjótt sem við verður komið, og eigi síðar en í septemberlok 1978.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinna, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

**BRÁÐABIRGÐALÖG**

**um niðurfærslu vöruverðs og verðbótavísitölu í september 1978.**

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Forsætisráðherra hefur tjáð mér, að ákveðnar hafi verið ráðstafanir til niðurfærslu vöruverðs, sem komi til framkvæmda einhvern næstu daga til þess að hamla gegn verðhækkunum. Eðlilegt og sanngjarnt þyki að tillit verði til þessa tekið við greiðslu verðbóta á laun frá sama tíma, og því beri brýna nauðsyn til að ákveða þessa skipan mála með lögum. Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. grein stjórnarskrárinna á þessa leið:

**1. gr.**

Nú er ákveðin aukin niðurgreiðsla vöruverðs eða lækkun óbeinna skatta á því greiðslutímabili verðbóta, er hófst 1. september 1978, og skal þá Kauplagnesfrnd reikna nýja verðbótavísitölu í samræmi við ákvæði kjarasamninga, er taki gildi þann dag, er aukin niðurgreiðsla eða lækkun óbeinna skatta kemur til framkvæmda, og gildir til loka greiðslutímabilsins. Verðbótavísitala þessi skal miðuð við smásöluverð á viðkomandi vöru eða vörum í ágústbyrjun 1978 að frádreginni þeirri verðlækkun, er niðurgreiðsluaukningin eða skattalækkunin veldur, og það eins þótt vöruverð hafi hækkað af öðrum ástæðum síðan í ágústbyrjun 1978.

Endanleg reikningsskil fyrirfram greiddra septemberlauna 1978, vegna breyttrar verðbótavísitölu, skulu fara fram um leið og næsta greiðsla mánaðarlauna á sér stað.

Eftir á greidd laun fyrir vinnu fyrstu daga septembermánaðar fram að gildistöku nýrrar verðbótavísitölu í september 1978, sbr. 1. mgr., skulu til bráðabirgða greiðast samkvæmt launakjörum, er giltu í ágúst 1978. Endanlegt uppgjör þessarar eftirá launagreiðslu skal fara fram svo skjótt sem við verður komið, og eigi síðar en í septemberlok 1978.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 1. september 1978.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.